STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1973

Nr. 103. 220 4. maí 1973.

REGLUGERÐ

um hús reist á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, sem reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerðar nr. 62/1973.

2. gr.

Þegar um er að ræða hús, sem 1. gr. tekur til, má víkja frá ákvæðum 19. gr. reglugerðar um skipulagsáætlanir nr. 217/1966 um lóðarstærðir, þannig að nemi allt að 20%, enda komi til samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

3. gr.

Íbúðarhús, sem reist verða samkvæmt reglugerð þessari mega vera allt að 300 m² að flatarmáli, ef um einnar hæðar hús er að ræða, en 150 m² ef um er að ræða tveggja hæða hús, enda sé aðeins um eina íbúð að ræða. Ekki má nota rými á skammbitalofti til íbúðar.

Timburhús til annarra nota en íbúðar mega ekki vera meira en ein hæð.

4. gr.

Hús eða húshluti má ekki vera hærri en 0.4 × fjarlægð að gagnstæðri ytri brún götu né heldur 1.4 × fjarlægð að lóðamörkum. Ekki skal miðað við breiðari götu en 20 m.

5. gr.

Nú er hús reist nær lóðamörkum en 5 m, og er þá skylt að hafa eldvarnavegg að lóðamörkum. Þakskegg, skyggni og slíkir hlutar húss mega þó vera allt að 4.6 m frá lóðamörkum.

Fjarlægð milli húsa á sömu lóð má ekki vera minni en 5 m. Ef flatarmál húsa á sömu lóð er innan við 50 m², má fjarlægðin þó vera 3 m.

Í skipulagi má ákveða að hús séu nær lóðamörkum en 5 metrar, enda sé fjarlægð að næsta húsi á nágrannalóð eigi minni en 10 metrar.

6. gr.

Svo skal ganga frá burðarhlutum húss, útveggjum, skilrúmsveggjum, súlum, bitum, lofti, og gólfi o. s. frv., að um 30 mínútna eldþol sé að ræða hið skemmsta.

Ef um er að ræða tveggja hæða hús eða innréttað ris, skal klæðning efri hæðar gerð úr óeldnæmu efni.

7. gr.

Ef um er að ræða sambyggð íbúðarhús, skal þannig frá gengið, að hverjir 460 m² verði aðgreindir með eldvarnarveggjum, ef um er að ræða tveggja hæða hús skulu hverjir 340 m² aðgreindir á sama hátt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Einungis er heimilt að nota óeldnæm efni til hitaeinangrunar húsa þeirra, sem lög þessi taka til.

9. gr.

Heildarstærð glugga, sem snúa að nágrannalóð má mest vera sem hér segir:

$X \leqq 30\ (a \div 2.5)\%$, ef um einnar hæðar hús er að ræða.

$X \leqq 15\ (a \div 2.5)\%$, ef um tveggja hæða hús er að ræða.

Hér merkir X heildarflatarmál glugga í hlutfalli við vegginn, sem gluggar eru á, en a merkir fjarlægð að lóðamörkum, tilgreinda í metrum.

10. gr.

Lágmarkslofthæð íbúðarherbergja skal vera 2.30 m.

11. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs eða bæjarstjórn Vestmannaeyja sjá um útvegun nauðsynlegra byggingarleyfa þ. m. t. áritun samþykktra uppdrátta, hvort sem um er að ræða heildaruppdrátt eða séruppdrætti, hvar sem er á landinu, þannig að Viðlagasjóður eða bæjarstjórn Vestmannaeyja takist á hendur ábyrgð á framkvæmdum.

12. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs eða bæjarstjórn Vestmannaeyja halda skrá um öll hús, sem reist verða samkv. reglugerð þessari, og sjá um, að þinglýst verði á hverja húseign, sem í hlut á, yfirlýsing um, að hlutaðeigandi hús sé reist samkvæmt lögum nr. 70/1973. Stjórn Viðlagasjóðs og bæjarstjórn Vestmannaeyja skulu láta félagsmálaráðuneytinu í té ársfjórðungslega afrit af skrá þessari.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 70/1973, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 103. Útgáfudagur 8. maí 1973.

B 29